

Hafnarfjarðarbær  
bt. skipulagsfulltrúa  
Norðurhelli 2  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 10. desember 2019

## Efni: Ósk um heimild til að auglýsa breytingu á deiliskipulagi fyrir Brúsastaði II

Óskað er eftir heimild til auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina Brúsastaði II, en deiliskipulagið Hleinar að Langeyrarmölum var samþykkt í bæjarstjórn 17. ágúst 2000.

Á lóðinni sem er skilgreind 400 m<sup>2</sup> stendur núverandi einbýlishús sem er hæð og ris. Raunstærð hússins er samtals 165 m<sup>2</sup>, en ekki liggja fyrir teikningar af núverandi húsi. Fyrir liggur samþykkt mæliblað með afmörkun á núverandi húsi og tvö bílastæði skilgreind utan og norðan lóðar.

Á fundi í skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðarbæjar 13. ágúst 2019 var tekin fyrir fyrirspurn um breytingar á skilmálum og endurbætur á húsinu. Tekið var jákvætt í erindið og bent á að sækja þyrfti um fromlega breytingu á gildandi deiliskipulagi.

Breytingin nær til eftirfarandi atriða:

- Afmörkunar á byggingarreit
- Nýtingarhlutfall verður 0,5
- Hámarkshæð byggingar verður 7 m

Aðrir skilmálar verða óbreyttir.



Hermann Georg Gunnlaugsson  
landslagsarkitekt FÍLA  
og skipulagsfræðingur SFFÍ

Teiknistofan Storð ehf  
Laugavegi 178 – 105 Reykjavík

### Fylgiskjöl með umsókn

1. Deiliskipulagsbreyting fyrir Brúsastaði II Dags. 10.12.2019. Skjal: *Brusastadir\_2\_dsk-br\_dsk\_01*